

Ed.

333. Nefndarálit

[168. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá l. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja þingdeilda ræddu þetta mál í fyrsta sinn á sameiginlegum fundi miðvikudaginn 26. febrúar, og þá þegar gerðum við Alþýðubandalagsmenn tillögu um aðra fjáröflun til Viðlagasjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Tillögur okkar voru þær, að söluskattur yrði ekki hækkaður frá því sem nú er, en í þess stað yrði það söluskattsstig, sem nú rennur til Viðlagasjóðs, framlengt til lengri tíma en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og að auk þess komi til nokkur bein greiðsla úr ríkissjóði á þessu ári. Bentum við á, að á þann hátt mætti tryggja Viðlagasjóði jafnmiklar tekjur og frumvarpið gerir ráð fyrir til þess að standa við gefin loforð gagnvart vestmanneyingum og norðfirðingum.

Á þessar tillögur hefur þó ekki verið fallist, og í neðri deild var síðan samþykkt að leggja á 1% söluskatt til viðbótar, sem rynni til Viðlagasjóðs.

Í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar hef ég enn freistað þess að ná samkomulagi um aðra tekjuöflun til Viðlagasjóðs en hækkuð söluskattsins en án árangurs, og flyt ég því slíka tillögu á sérstöku þingskjali ásamt Jóni Ármanni Héðinssyni.

Ég ítreka, að hækkuð söluskatts er óskynsamleg leið til lausnar á þessum vanda, en þar sem aðalatriði málsins er að staðið sé við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið um fjárhagsstuðning við norðfirðinga til að bæta hið gífurlega tjón, sem þar hefur orðið, mun ég greiða frumvarpinu atkvæði, ef fyrirnefnd breytingartillaga okkar verður felld.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Ragnar Arnalds.